

Leirvogsa

Rannsókn á seiðabúskap og vexti laxaseiða 2015

Samantekt

Alls veiddust 706 laxar, sem er rúmlega tvöföldun frá fyrra ári og sú mesta frá 2009. Mikið fannst af sumargömlum seiðum, 0+, þrátt fyrir mjög lítinn hrygningarstofn haustið á undan. Mikið fannst af eins árs seiðum en lítið af 2 ára og eldri.

Vorið var mjög kalt og sjávargöngu seiða hefur því seinkað. Það hefur neikvæð áhrif á smálaxagegnd næsta árs. Hrygningarlöxum var sleppt fyrir ofan Tröllafoss, ekki var sleppt löxum í Leirvogsvatn.

- 0000 --

Inngangur:

Vorið var óvenju kalt, það kaldasta frá 1979. Þurrt var framan af og fór ekki að rigna fyrr en í ágúst. Laxveiði var almenn mjög góð um allt land, sérstaklega á V- og NV- lands. Metár var í mörgum ám í Húnavatnssýslum. Ein ástæða þessa er að vorið 2014 var óvenju hagstætt á göngutíma seiðanna, maí og fyrri hluta júní. Farið var til rannsókna í Leirvogsa 9. maí og síðan á mánaðar fresti til 3. ágúst, til þess að kanna vöxt seiðanna yfir sumarið. Farið var á sama svæði, í kring um Hrafnhóla, en aldrei á alveg sama stað, til þess að losna við áhrif veiðanna á þéttleika og þar með vöxt.

Laxveiðin var mjög góð, alls veiddust 706 laxar, um helmingi fleiri en í fyrra og hefur ekki veiðst betur síðan 2009. Sárafáum veiddum löxum, innan 50, var sleppt.

Farið var með 14 klakfiska á efra svæðið og þeim sleppt nokkuð ofan við Stíflisdalsá. Ekki var sleppt fiski í Leirvogsvatn eins og lagt var til og er það miður. Hitamælir var settur niður ofan við brúna við Varmadal 18. apríl og tekinn upp 12. ágúst.

Niðurstöður


Lax

Tafla 1 sýnir fjölda laxaseiða, sem veiddust á stöðvum 4-8. Stöð 5 var á svæðinu neðan brúarinnar við Hrafnhóla en aldrei var veitt á nákvæmlega sama stað. Þær eru sýndar í gulum lit. Veitt var í ágúst á stöðvum 4, 6, 7 og 8 í ágúst og er það hin hefðbundna seiðamæling svipað og undanfarin ár. Þetta er sýnt með bláum lit. Ekki var veitt ofan við Tröllafoss, en framkvæmdir við Skeggjastaði lokuðu veginum þar og ekki var farið með neinn klakfisk á svæðið haustið 2014. Lítið virtist af laxi í ánni það haust og klakfiskur náðist ekki.


Hrygningarstofn hefur þá verið með minnsta móti en þrátt fyrir það fannst mikið af seiðum úr því klaki um alla á nema neðst í ánni, við Varmadal. Þar hefur reyndar verið fremur lítið af laxaseiðum en meira af urriða undanfarin ár.

				Aldur									
Stöð nr.	Svæði	Dags	Stærð	0+		1+		2+		3+		Samtals	Þéttleiki
			m²	Fjöldi	ml	Fjöldi	ml	Fjöldi	ml	Fjöldi	ml	Fjöldi	Fj./100 m²
5	Hrafnhólar	9/5	15			9	3.5	3	7.2	1	11.1	12	87
5	Hrafnhólar	4/6	20			13	4.2	3	7			16	80
5	Hrafnhólar	4/7	25	36	3	12	4.8	2	7.6			50	200
5	Hrafnhólar	12/7	30	35	2.9	20	5.1	7	7.7			62	207
4	Hrafnhólar	3/8	30	19	3.1	15	5.7	1	8.8			35	112
6	Miðsvæði efra	3/8	50	18	3.0	6	5.5	1	7			25	50
7	Miðsvæði neðra	15/8	50	7	3.6	4	6					11	22
8	Varmidalur	15/8	30	5	3.7	2	5.9	1	7.6			8	27
	Samtals fjöldi:		160	49	3.4	27	5.8	3	7.8			79	
	Fjöldi/100m²			31		17		2					49

Tafla 1. Fjöldi og meðallengd (ml) veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 4-8 2015. Á stöð 5, merktar með gulum lit, var veitt á mánaðar fresti til að fylgjast með mánaðarlegum vexti. Eiginleg seiðamæling fór fram í ágúst, blálitað.



Mynd 1. Lengdardreifing laxaseiða á fiskgenga hluta Leirvogsár 2015



Mynd 2. Lengdardreifing laxaseiða á fiskgenga hluta Leirvogsár 2014

Eldri seiðin eru nú um 1 cm styttri en í fyrra, sem er afleiðing af kuldum snemmsumars. Stöðvarnar 2015 voru færri og smærri en árið 2014, án þess að það þyki koma niður á áreiðanleika mælinga svo nokkru nemi. Þéttleiki eins árs seiða var óvenju mikill, 17 seiði á 100 m² en þau eru smá.


Urriði

Tafla 2 sýnir fjölda og meðallengd urriðaseiða á stöðvum 5-8 og mynd 3 sýnir lengdardreifingu veiddra seiða.

Einungis 6 urriðaseiði, flest eins árs, veiddust á stöð 5 í maí, júní og júlí. Í ágúst voru svo 0+ seiðin komin upp úr mölinni. Þessar niðurstöður eru svipaðar og undanfarin ár; það eru mikið afföll af urriðaseiðum fyrsta árið. Orsakir þessa eru óþekktar.

				Aldur							
Stöð nr.	Staður	Dags	Stærð	0+		1+		2+		Samtals	Þéttleiki
			m ²	Fjöldi	ml	Fjöldi	ml	Fjöldi	ml		Fj./100 m ²
5	Hrafnhólar	9/5	15								
5	Hrafnhólar	4/6	20			5	5.8	1	7.8	6	30
5	Hrafnhólar	4/7	25								
5	Hrafnhólar	12/7	30			1	6.6			1	3
4	Hrafnhólar	3/8	30	13	3.6					13	43
6	Miðsvæði efra	3/8	50	13	3.6					13	26
7	Miðsvæði neðra	15/8	50	5	4.4	2	7.3			7	14
8	Varmidalur	15/8	30	25	4.4	6	7.0			31	103
	Samtals fjöldi:		160	56	4.0	8	7.2			64	40
	Fjöldi/100m ²			35		5					40

Tafla 2. Fjöldi og meðallengd (ml) veiddra urriðaseiða í einni yfirferð á stöðvum 4-8 2015. Stöðvar 4-8 eru merktar með bláum lit.



Mynd 3. Lengdardreifing veiddra urriðaseiða í ágúst 2015.

Rannsóknir á vexti laxaseiða

Seiði voru veidd með mánaðar millibili á svæðinu neðan Hrafnhóla. fyrst var farið 9. maí og síðast 3. ágúst. Vegna vatnavaxta var ekki unnt að halda áfram í september.

Samantekt á niðurstöðum sést í töflu 3. Einnig er sýnd lengdarmæling frá ágúst 2014.

Aldur:	0+	1+	2+	3+
Dagsetning	Meðallengdir			
3. ágúst 2014	3.6	6.3	8.2	
9. maí 2015		3.5	7.2	11.1
4. júní 2015		4.2	7	
4/7 2015	2.9	4.8	7.6	
3/8 2015	2.1	5.7	8.8	

Tafla 3. Meðallengdir aldursflokka (cm) laxaseiða í Leirvogsá frá 3. ágúst 2014 til 3. ágúst 2015.


Seiði sem eru 0+ í ágúst 2014 lengjast ekkert fram í maí árið eftir(2015). Þetta er athyglisvert. Svo tekur vöxturinn við sér og þau stækka í að vera tæpir 6 cm í byrjun ágúst (mynd 4).

Þau seiði sem eru ári eldri, 1+ í ágúst 2014, hafa að meðaltali lengst um 1.5 cm, en gæta verður þess að þau eru fá (15). Lengdarvöxtur segir ekki allt um þrif seiðanna, holdafar á hverjum tíma sýnir það betur. Hér eru myndir af seiðum frá 9. maí fram í ágúst.


Mynd 6. Laxaseiði 9. ágúst. Stóru seiðin eru mjög horuð. Yst til vinstri er 3 vetra 11 cm seiði sem er að undirbúa sjógöngu. Það er frekar horað og varla byrjað að silfrast. Það var með tóman maga.

Þá koma þrjú 2 vetra seiði mjög horuð, sem sést vel á mynd 7. Annað þeirra var með hálf melt minna seiði upp í sér. Smæst seiðin 4 eru eins vetrar gömul og eru jafn löng og jafnaldrar þeirra voru í ágúst árið áður. Vöxtur hefur því enginn verið á tímabilinu.

Þessi seiði eru búin að bíða allan veturinn eftir mat og þarna seinkaði vorinu og í hungrinu fara stærri seiðin að éta þau minni. Á mynd 10 má sjá hvernig seiðin litu út haustið áður en þau voru í góðum holdum.



Mynd 4. Meðallengd laxaseiða sem voru 0+ haustið 2014 og urðu 1+ eftir áramót 2015.



Mynd 5. Meðallengd laxaseiða sem voru 1+ haustið 2014 og urðu 2+ eftir áramót 2015.



Mynd 7. Tveggja vetrar seiði frá 9. maí. Út úr öðru þeirra stóð hálf melt smærra seiði.



Mynd 8. Seiði frá 4. júní. Stærri seiðin eru enn horuð, nema það sem er lengst til vinstri. Það er hængsseiði sem var kynþroska síðasta haust, sem sást að það var enn eð draga svilin til baka (mynd 9).



Mynd 9. Á miðri mynd má sjá svil sem eru að ganga til baka eftir hrygningu haustið áður.



Mynd 10. Seiði frá 5. júlí. Þarna eru seiðin komin í góð hold, feit og bústin.



Mynd 11. Til samanburðar eru hér seiði frá því í ágúst í fyrra, 2014. Þau eru mjög vel haldin.

Þéttleiki laxaseiða

Þéttleiki laxaseiðum 2015 bæði á einstökum stöðvum og í heild var sýndur í töflu 1 bls. 1. Í töflu 4 hér til hliðar er samanburður þéttleika frá árinu 2008. Allt eru þetta svipaðar tölur.


Þrátt fyrir að hrygningarstofn hafi verið með allra minnsta haustið 2014 fannst mikið af 0+ seiðum úr þeirri hrygningu um alla á, síst þó við Varmadal.

Undanfarin ár hafa veiðimenn verið hvattir til að sleppa veiddum laxi, til þess að auka hrygningarstofninn. Þá fengjust fleiri seiði og framleiðslan ykist.


Með þessu er verið að gefa í skyn að almennt sé stunduð ofveiði. Engin gögn styðja slíkt og er hér því eingöngu um huglægt mat að ræða til þess að réttlæta sleppingar á veiddum fiski.

Ár	0+	1+	2+	3+	Samtals Fj.100m ²
2008	7.8	5.0	0.9	0.4	14
2009	18.3	4.5	4.9	1.1	29
2010	30.1	13.9	1.8	0.2	46
2011	12.4	5.0	2.0	0.2	20
2012	9.8	4.8	1.7	0.3	17
2013	13.2	15.3	2.5	0.9	32
2014	43	4.4	3.5	0.5	51
2015	31	17	2		49

Tafla 4. Samanburður á þéttleika laxaseiða í Leirvogsa árin 2008-2015



Mynd 12. Rafveiðistöðvar í Leirvogsa 2015




Mynd 13. Vatnshiti í Leirvogsa 18. apríl-30. júní 2015.

Hitamæling

Vikulegur meðalhiti árin 2014 og 2015 er sýndur í töflu 4 og á mynd 14. Sjá má að vatnshitinn 2015 er 1,5-2 gráðum lægri en árið 2014 frá apríl fram í miðjan júní. Þetta er sá tími sem seiðin eru að undirbúa sjávargönguna og ganga niður úr ánni. Það er því ljóst að sjávargöngum hefur seinkað með tilheyrandi afföllum og erfiðleikum. Sjá má á myndum 6

Mánuður	Vika nr.	Meðalhiti 2014	Meðalhiti 2015
Apríl	3	2.4	
	4	4.5	1.7
Maí	1	5.9	3.2
	2	6.6	3.7
	3	6.7	4.6
	4	7.4	5.5
Júní	1	10.1	6.8
	2	11.2	6.8
	3	10.6	8.2
	4	10.8	10.1
Júlí	1	9.3	10.2
	2	10.5	10.3
	3	10.7	9.8
	4	12.0	10.2

Tafla 4. Vikulegur meðalhiti í Leirvogsa 2014 og 2015.



Mynd 14. Vikulegur meðalhiti í Leirvogsa 2014 og 2015.

og 7, bls 3, að seiðin eru enn mjög horuð um miðjan maí.

Því eru líkur á að laxagöngur verði nokkuð undir meðallagi árið 2016.